

Svar

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Illuga Gunnarssonar um undirbúning stjórnvalda vegna mögulegrar útgöngu Grikklands úr evrusamstarfinu.

1. *Hvaða undirbúningur hefur farið fram hjá stjórnvöldum vegna mögulegrar útgöngu Grikklands úr evrusamstarfinu og þeirra afleiðinga sem hún gæti haft?*

Stjórnvöld fylgjast grannt með alþjóðlegri efnahagsþróun og ekki síst í okkar helstu viðskiptalöndum. M.a. hefur fulltrúi efnahags- og viðskiptaráðuneytisins í Brussel fylgst með fundum og umræðum á vettvangi Evrópusambandsins. Reglubundið er farið yfir þróun efnahagsmála í umheiminum í ráðherranefnd um efnahagsmál þar sem embættismenn ráðuneyta, forstjóri Fjármálaeftirlitsins og seðlabankastjóri hafa gert grein fyrir mati á stöðunni á evrusvæðinu. Í grófum dráttum er matið eftirfarandi:

Í sumum aðildarlöndum Evrópusambandsins fara saman alvarleg bankakreppa og ríkisfjármálakreppa og flest bendir til að kreppan sé að að herða tök sín á evrusvæðinu. Staða ríkja innan evrusvæðisins er þó mjög misjöfn og því reynir á samstarfsvilja landanna við lausn vandans eins og m.a. hefur komið fram í umfjöllun um Grikkland og Spán. Í Bandaríkjunum eru nokkur batamerki, en atvinnuleysi er enn mikið og skuldir ríkissjóðs áhyggjuefni. Bakslag gæti því komið í efnahagsbatann í Bandaríkjunum ef vandinn í Evrópu vindur enn meira upp á sig. Skuldir og halli á rekstri hins opinbera í Bandaríkjunum eru raunar meiri en á evrusvæðinu. Sama á við um Bretland. Sterk tengsl fjármálakerfisins bæði í Bandaríkjunum og Bretlandi við Evrópu valda því að markaðir í þessum löndum, t.d. hlutabréfmarkaðir, eru næmir fyrir ástandi og þróun mála þar. Því er líklegt að alvarleg kreppa í Evrópu verði jafnframt alþjóðleg kreppa. Vegna þess að kreppur af því tagi sem nú herja á mörg Evrópulönd ráðast af flóknu samspili efnahagslegra og pólitískra þátta eru þær lítt fyrirjáanlegar. Áhrifin á íslenskt efnahagslíf eru að mörgu leyti óljós en vel fjármagnaðir viðskiptabankar og höft á fjármagnsflutninga draga verulega úr líkum á alvarlegum fjármálalegum óstöðugleika. Samið hefur verið um lengingu lána ríkissjóðs og gjaldeyrisforðinn er mikill sem hvort tveggja stuðlar að stöðugleika. Dýpkandi kreppa í okkar mikilvægustu viðskiptalöndum mun þó óumflýjanlega hafa neikvæð áhrif á innlendan hagvöxt og getur þar með gert örðugra að aflétta gjaldeyrishöftunum.

- Fjármögnun ríkissjóðs er enn viðkvæm fyrir áföllum en staða ríkissjóðs er rúm og ekki þörf fyrir endurfjármögnun næstu missirin.
- Efnahagsreikningar innlendra fjármálastofnana eru að mestu leyti í íslenskum krónum í formi innlána. Bein áhrif af stöðu mála á erlendum mörkuðum verða því takmörkuð.
- Fjárfesting lífeyrissjóða erlendis hefur legið niðri frá haustinu 2008. Eignir sjóðanna hafa aukist um tæpan þriðjung en hlutfall erlendra eigna hefur lækkað um 12% frá sama tíma.
- Minnkandi eftirspurn á heimsmarkaði mun að öllum líkindum hafa áhrif á verðlag mikilvægustu útflutningsafurða, fiskafurða og áls. Mikilvægir markaðir fyrir fiskafurðir eru í löndunum í Suður-Evrópu sem nú eiga í mestum vanda. Ef samdráttur verður verulegur og langvarandi má búast við meiri áhrifum en í kjölfar fjármálakreppunnar 2008–2009.

- Vaxandi hætta yrði á að áform um fjárfestingar í orkufrekum iðnaði og ferðamanna-iðnaði festist sem aftur hefði neikvæð áhrif á aðra fjárfestingu.
- Verði upplausn á evrusvæðinu má búast við verulegum samdrætti í kjölfarið. Ef efnahagslegur samdráttur á heimsvísu verður 5% má búast við að hagvöxtur á Íslandi minnki um a.m.k. 1% frá því sem ella hefði orðið.
- Fjárfesting gjaldeyrisforðans byggist á mjög varfærinni stefnu og gjaldeyrisjöfnuður Seðlabankans er jákvæður, þ.e. eignir hans í erlendri mynt eru hærri en skuldir.

2. *Hvaða vinnuhópar hafa verið stofnaðir í þessum tilgangi, hvernig eru þeir skipaðir og hver eru verkefni þeirra?*

Sérstakir vinnuhópar hafa ekki verið settir á stofn af þessu tilefni, en allt hefðbundið viðbúnaðarkerfi virkjað. Ráðherranefnd um efnahagsmál fylgist reglubundið með framvindu mála, m.a. með því að fá mat fagstofnana á þjóðhagslegum áhrifum þróunarinnar í Evrópu. Milli Seðlabanka og Fjármálaeftirlitsins er skilgreint og náð samstarf varðandi fjármála-stöðugleika. Umboð nefndar um fjármálastöðugleika hefur nýlega verið endurnýjað á grunni nýrrar verklýsingar og verður málið einnig til umfjöllunar á þeim vettvangi. Stýrihópur um losun gjaldeyrishafta, sem í eiga sæti ráðherrar efnahags- og viðskiptamála og fjármála ásamt seðlabankastjóra og forstjóra Fjármálaeftirlitsins hefur fjallað um málið og samráðs er gætt á þeim vettvangi. Áhersla er lögð á að vakta þróunina sem best og að fyrir liggi skýr ábyrgð á viðbrögðum hjá þeim aðilum sem tilgreindir hafa verið og koma að mismunandi þáttum málsins. Sérstakir vinnuhópar til að fjalla um tiltekna þætti kunna að verða settir á laggirnar en enn sem komið er hefur það ekki þótt tímabært.

3. *Hefur málið verið tekið upp með formlegum hætti í ríkisstjórninni og ef svo er, þá hvenær?*

Já, málið hefur verið tekið upp í ríkisstjórn og var síðast rætt á fundi hennar hinn 5. þ.m.

4. *Hvernig er samráði við Seðlabanka Íslands vegna þessa háttáð?*

Seðlabanki Íslands hefur það hlutverk að uppfæra stöðugt mat sitt á þjóðhagslegum áhrifum fjármálakreppunnar á evrusvæðinu. Bankinn hefur tekið saman og kynnt minnisblöð um hugsanleg áhrif fjármálakreppunnar á evrusvæðinu í ráðherranefnd um efnahagsmál og jafnframt gert minnisblöð um fjármagnshöftin og afnámsáætlun og rætt í stýrihópi um það efni. Seðlabankastjóri, eftir atvikum ásamt aðstoðarseðlabankastjóra, hefur mætt á fundi þar sem um þessi mál er fjallað að viðstöddum ráðherrum og embættismönnum.